

Okkar á milli – þáttur á RÚV, Rás 1, mánudaginn 11. júlí 2011.

Umsjónarmaður / spyrill: Karl Eskil Pálsson

Gestur þáttarins: Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni í Glerárkirkju

[Inngangsstef]

Komið þið sæl. Gestur þáttarins í dag er Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni í Glerárkirkju á Akureyri. Pétur Björgvin er líka Evrópufræðingur. Hann er formaður AkureyrarAkademíunnar og hann er fyrirlesari svo eitthvað sé nefnt. Þátturinn er tekinn upp í Fögrusíðunni sem er rétt hjá Glerárkirkju. Pétur Björgvin, ja þú ert djákni í Glerárkirkju og heyrir þess vegna alltaf þegar Glerárkirkja slær.

Mér þykir afskaplega ánægjulegt að búa svona nálægt kirkjunni minni og vissulega heyrir ég í kirkjuklukkunum – reyndar svolítið eftir vindátt. Því þannig er það nú með kirkjuklukkurnar hér. En það er ánægjulegt að heyra kirkjuklukkurnar kalla og ég er þá snöggur að hlaupa ef ég skildi hafa gleymt að mæta í messu.

Hvað er djákni?

Djákni er samnefni yfir vígða þjóna kirkjunnar sem starfa við ýmsa fræðslu og kærleikspjónustu í kirkjunni. Þannig eru sumir sem sinna sálgæslu á stofnunum, aðrir sem eru kannski í eldri borgara starfi í söfnuðum, í fullorðinsfræðslu eða í æskulýðsstarfi eins og ég.

Þú menntar þig í Þýskalandi og þá sérstaklega í æskulýðsstarfsemi?

Já, ég fór í nám hjá evangelísku kirkjunni í Württemberg, í Suður Þýskalandi. Þannig var nú að ég var búinn að vera í æskulýðsstarfi í kirkjunni hér heima og þráði að kunna meira og fór þess vegna í starfsþjálfun hjá kirkjunni í Württemberg, fékk þar að kynnast því fjölbreytta æskulýðsstarfi sem að er hjá suður þýsku kirkjunni og í framhaldi af því ákvað ég að mennta mig betur í þessum geira. Og fyrir valinu varð Karlshöhe sem er skóli í Ludwigsburg sem kirkjan á og rekur þar, heitir í dag Evangelische Fachhochschule og þangað skellti ég mér og fór í fimm ára nám sem var trúaruppeldis- og djáknafræði.

Hvernig stóð á því að þú ákvaðst að fara þessa leið?

Ég er alinn upp í æskulýðsstarfi og í raun er ég alinn upp í kirkju líka allt frá því að ég fór í messur með afa og ömmu á Dalvík. Afi, Aðalsteinn Óskarsson, var kirkjuvörður í kirkjunni á Dalvík. Mér þótt alltaf ákaflega gaman að fylgjast með honum í starfi hans og seinna þegar ég varð aðeins eldri þá fór ég að fara í sumarþúðir hjá Boga Péturssyni á Ástjörn, sótti líka sunnudagaskóla hjá honum hér á Akureyri, svo fer

ég í æskulýðsstarfið hjá KFUM og KFUK og kynnist þar góðu fólki. Svona þróaðist það að ég hafði mikinn áhuga á æskulýðsstarfi. Svo gerist það að bróðir minn giftist þýskri konu. Mér er boðið til Þýskalands í brúðkaup og þar kynnist ég þessari ungu konu sem ég hef mikinn áhuga á og til þess að kynnast henni betur ákveð ég að skella mér í starfsþjálfun til Þýskalands til þess að geta verið nær henni. Og eitt leiddi af öðru og allt í einu var ég kominn þarna í nám sem mér þótti afskaplega skemmtilegt, trúaruppeldisfræði og djáknafræði á Karlshöhe.

Já það er trúarlegt uppeldi - hversu mikilvægt er það fyrir okkur að við fáum trúarlegt uppeldi?

Ég held að það sé mikilvægt að uppeldi í heild sinni taki á öllum þáttum lífsins og trúarlegi þátturinn er ein víddin sem við þurfum að hugsa um. Og þegar ég segi við, þá á ég bæði við fjölskyldurnar og samfélagið í heild sinni. Því að við getum valið að ala börnin okkar upp í þröngsýni eða víðsýni. Og hérna ég vil kannski leyfa mér að geta þess í þessu samhengi og ef ég horfi á sjálfan mig, og einmitt þegar ég er hér ungur maður að alast upp á Akureyri. Ég var mjög montinn að ég var beðinn að vera með í hópi þeirra sem báru út bæklinga í öll hús á Akureyri og boðskapur bæklingansins var í raun og veru: Ekki tala við Votta Jehóva. Þetta er nokkuð sem mér þykir mjög miður í dag. Og ég sé enn að það eru margir í samfélaginu sem að eiga erfitt með samtal við aðra. En ég held að það sé einmitt það sem við þurfum að gera í dag, það er það að auka samtalsfærnina hjá einstaklingnum. Að trúaruppeldið miði að því að ég gleðjist yfir því þegar ég þekki og kynnist einstaklingum sem að koma úr öðrum trúarheimi heldur en ég. Að ég geti sagt: Heyrðu, frábært, þrír guðir, flott. Og að sama skapi að ég upplifi viðmót hjá hinum sem segir: Rosalega eru þetta flottir englar sem eru í biblíunni hjá þér. Og eins að ég geti átt samtal við einstakling sem segir: Eh, trú nei, guð nei. Og ég get samt glaðst með honum því að þetta er hans afstaða. Og við þannig sett okkur öll á sama stall. Og sannleiksgildi í einni lífsskoðun sé ekki meira eða hærrí en hjá öðrum. Ég veit það að hjá mér í dag, ég er kristinn einstaklingur í dag og lifi það af minni sannfæringu, en ég þori ekkert að fullyrða nema að ég gæti verið múslimi eða búddatrúar eftir fimm vikur. Maður veit aldrei hvað gerist, en það er bara þetta sem er svo spennandi. Og það er þetta sem ég held að trúaruppeldi eigi að snúast um, að það sé uppeldi til víðsýni.

Þannig að uppeldi það snýst ekki um að það sé bara til ein trú?

Það væri mjög miður og ég held að það sé nú eiginlega enginn í dag, eða ég þekki engan sem heldur sig við það að loka á önnur trúarbrögð. En dr. Heinz Streib sem að ég styðst nú mikið við og er prófessor í Þýskalandi hann hefur bent á það að við getum þróað hjá okkur mismunandi viðbrögð í garð þess sem er okkur framandi þegar kemur að trú. Og það getur verið allt frá því að ég segi: Ok, það er til eitthvað annað, en það eru ekki alvöru trúarbrögð. Yfir í það að manni finnst spennandi að kynnast öðrum trúarbrögðum og sjá þau á sama level – ef ég má sletta – sem sagt séu jafningjar okkar og virðingin gagnkvæm.

Við svona heyrum kannski undiróma af því að Glerárkirkja er að hringja inn. En þú ert að tala í raun og veru um að trúfélögin, þau eigi að lifa í sátt og samlyndi?

Já það væri afskaplega þarft ef við gætum eflt það starf sem að er þegar til í Reykjavík og heitir Samráðsvettvangur trúfélaga. En við þurfum sem sagt að komast skrefinu lengra, að það séu ekki bara þeir sem trúa á einhverja eða æðri guð eða þá sem skilgreina sig sem trúfélög sem taka þátt í þessu

samstarfi. Heldur að við þurfum að komast þangað sem allir geta tekið þátt í samtali og sameiginlegum viðburðum, alveg sama hvort viðkomandi er einstaklingur sem kennir sig við trúleysi, guðleysi eða ákveðna guði eða einn guð.

Þú vinnur mikið með ungu fólki. Hvað segir þetta unga fólk þegar þú ert að tala um að lifa eða að trúarhóparnir þeir eigi að lifa í sátt og samlyndi?

Það er náttúrulega rosalega misjafnt. Mér er nú ofarlega í huga í augnablikinu viðbrögð hjá ungum manni sem að ég ræddi við og hann sagði: Hva, það á ekkert að vera hægt að skipta um trúfélag. Þetta er ekki eins og verið sé að skipta um símafyrirtæki. Og þá fannst honum að það ætti bara að vera á hreinu: Ég er fæddur í trúfélag A og þá bara verð ég þar og ekkert bull með að vera eitthvað að skipta um trúfélag. Nú aðrir segja opinskátt frá því að þeim finnst mjög gaman af því að prufa sig áfram og skreppa í jórgastund eða prufa andaglas eða fara og kynna sér starf annarra trúfélaga. En það er minnihlutinn. Flestir hugsa um trú út frá eigin forsendum, þó að það sé nokkur hluti ungra einstaklinga sem að heillast svolítið af búddisma en segja um leið: Já, það eru ekki trúarbrögð. En ég hef bara mína trú og mín trúarbrögð og bæti svona búddisma við.

En þú talar um að ungt fólk og allir eigi að skilja trú annarra. En þú ert samt sem áður starfsmaður kirkjunnar og ert þess vegna að boða hina einu og sönnu trú.

Ég er að boða hina einu, þá trú sem er fyrir mér hina eina og sanna. Og þetta sannleiksgildi trúar verður ekki tekið af trúuðum einstaklingi. En það er munur á því hvort að ég segi við þig Karl Eskil núna: Sjáðu þetta er trúin sem þú átt að taka, þetta er eina sanna trúin fyrir þig. Eða hvort ég segi: Sjáðu þetta er sú trú sem ég á. Hún er sú eina, sanna, fyrir mig. Og svo er það náttúrulega líka spurningin: Við hvaða hóp er ég að tala? Og á hvaða forsendum? Í sunnudagaskólanum þá er það nokkuð á hreinu að við erum með boðun þar og við erum að kenna um kristna trú í trú. Það er að segja, þetta er uppeldi til trúar og bænin er þar hluti. Svo fáum við aftur heimsóknir frá skólum þar sem skólahópar koma í kirkjuna. Þá er það á forsendum kirkjunnar. Og þá segi ég sömu biblíusöguna á allt annan hátt. Þá segi ég hana eins og ég væri að segja þjóðsögu og tengi hana ekki á nokkurn hátt helgihaldi kirkjunnar, því þarna er fræðsla á vettvangi skólans.

Ungt fólk í Evrópu. Þú þekki ágætlega viðhorf ungs fólks í Evrópu til trúarbragða. Ef þú berð svona saman hið dæmigerða unga fólk á Íslandi og svo aftur til dæmis í vestur Evrópu til trúarbragða. Er einhver munur?

Já veist, ég varð svolítið hissa. Ég gerði rannsókn fyrir tveimur og hálfu ári á viðhorfum tvítugra Íslendinga og þar var ég að velta því fyrir mér hver ætli sé munurinn á því þegar ég varð stúdent fyrir tuttugu árum – rúmum – og þegar þau urðu stúdentar núna – á viðhorfum þeirra. Og ég uppgötvaði að það er hluti ungra einstaklinga enn í dag sem þekkir ekki til annarra trúarbragða, á ekki vini sem eru af erlendu bergi brotnir og hafa ekki velt þessum málum mikið fyrir sér út fyrir ramma hinnar íslensku þjóðkirkju. Á meðan við erum komin núna með hóp líka sem eru miklu líkari þessum einstaklingum sem ég þekki og eru til rannsóknir um frá Þýskalandi og víðar sem að hérna horfa á þetta frá miklu breiðara sjónarhorni, hafa tekið þátt í ljósahátíð hjá vínafjölskyldunni sem eru gyðingar í desember eða þekkja Ramadan, af því að vinur þeirra er múslimi og svo framvegis. En þarna er held ég enn stærsti munurinn.

Að við erum enn með tiltölulega stóran hóp hér á Íslandi sem að hefur ekki þessi persónulegu tengsl við einstaklinga af öðrum trúarbrögðum.

Ég talaði við unga foreldrar fyrir í dag. Og var að spyrja þau út í hvernig þau ætla að ala upp barnið sitt út frá trúarlegum sjónarmiðum. Og þau voru nú svona einna helst á því að setja allt slíkt á hilluna. Og leyfa barninu sjálfu að taka ákvörðun þegar það verður komið til vits og ára. Hvað segir þú við þessa foreldra?

Ég myndi óska þeim til hamingju með það að vera meðvitað um þá ákvörðun sem þau eru að taka. Mér þykir mjög vænt um að heyra þegar fólk er að velta þessu fyrir sér strax í upphafi barnæskunnar. Um leið myndi ég biðja þau að velta því fyrir sér hvort að verið geti að með því að sleppa fræðslu og umræðum séu þau um leið ómeðvitað að valda því að barnið hafi ekki tól eða tæki í höndunum til þess að takast á við þann veruleika sem að trú og trúarbrögð eru. Það er til margt mjög skemmtilegt efni – því miður lítið á íslensku – en á mörgum öðrum tungumálum þar sem að verið er að hjálpa foreldrum og börnum, ungmennum að takast á við hinn trúarlega veruleika án þess að það sé verið að segja eða setja fram: Hér er ein kenning sem er rétt og hinar eru svona skrýtnar og eiga ekki heima ... heldur er þetta svona þematísk nálgun – og við vonumst nú til þess að íslenska skólakerfið komist þangað líka – að nálgunin í trúarbragðakennslunni sé þematísk. Þá skoðum við bara í dag sköpun heimsins. Hvernig er kennt um hana? Hvað segja múslimar um sköpun heimsins? Hvað segja kristnar kirkjudeildir? Hvað segja einstaklingar sem kenna sig við trú-, guðleysi og svo framvegis. Og við veltum þessu öllu upp og setjum ekki eina kenningu frammar annarri. Eða hérna og þannig sem sagt verða hlutir ræddir út frá viðhorfum og sjónarmiðum trúarbragðanna án þess að það sé tekin afstaða – því að það er einstaklingurinn sjálfur sem þarf að sjálfsögðu að taka afstöðu einhvern tíma. Hann gerir það meðvitað eða ómeðvitað. En við megum heldur ekki ætlast til þess að það gerist allt í einu bara klukkan tólf þegar viðkomandi er ellefu ára eða eitthvað svoleiðis.

En þessi foreldrar hafa tekið ákvörðun um að kenna barninu ekkert sérstaklega að biðja bænir, af því að barnið á að uppgötva það sjálft þegar það verður komið til vits og ára.

Já hérna ég held að það geti verið hjálplegt í þessu samhengi. Nú þekki ég ekki þessa ungu foreldra. En bænin hún tilheyrir trúarlífinu og ef að sko foreldrarnir eru ekki að praktisera bænina fyrir sjálfa sig, að bænin er ekki hluti af þeirra daglega lífi þá finnst mér það rökrétt að þau séu ekki að kenna barninu að biðja. Það er allt öðru vísi þegar að barnið sér að foreldrarnir setjast niður og eru að biðja saman, eða heyrir að kvöldi að foreldrarnir eru að biðja saman. Þá hlýtur barnið líka að vilja læra það sem foreldrarnir kunna og eru að gera. Ég vona bara að viðkomandi einstaklingur finni í sig í því sem hann vill verða þegar að því kemur. Við megum heldur ekki gleyma að það eru til margar spennandi bænaaðferðir eins og í sumum trúarbrögðum þá klippir maður niður svona fataefni og hengir upp á snúru. Þá blæs vindurinn bænaefnunum upp til guðanna. Ég meina kannski verður þetta eitthvað sem viðkomandi einstaklingi fyndist áhugavert fyrir sig þó að okkur sé þetta mjög framandi.

Þínar og ykkar kvöldbænir – um hvað snúast þær?

Kvöldbænir okkar hjónanna snúast um að þakka Drottni fyrir liðinn dag, þakka Drottni fyrir börnin okkar og biðja um varðveislu um nóttina. Og hérna leggja nýjan dag í Drottins hendur og þær áskoranir sem

nýr dagur hefur í för með sér. Svo eru ýmiss önnur bænarefni. Við biðjum fyrir fjölskyldum okkar og ættingjum og vinum og oftast en ekki er þá líka einhverjir sem hafa beðið okkur að biðja fyrir sér og þá tökum við það með í okkar bænir. Bænir aftur á móti með börnunum hafa snúist um það að biðja Faðir voríð og stutt bænavers.

Er einhver grundvallarmunur á barnatrúnni og svo trú hins fullorðna?

Já, ég held að flestir geti nú tekið undir það. Maður heyrir fólk gjarnan tala um það hafi misst barnatrúna, það hafi týnt barnatrúnni eða að það hafi uppgötvað kjarnann í barnatrúnni og gert það að sinni fullorðinstrú. Og gagnrýnar raddir tala jú um að barnatrúin sé eitthvað óeðlilegt, eða sé eitthvað sem viðkomandi hafi verið innprentað. Mér finnst það mjög óvirðingarvert í garð barna. Því að börn eru mjög einlæg og við megum heldur ekki gleyma því ef við erum að horfa frá sjónarhorni kristinnar trúar að Jesús Kristur einmitt ávítar embættismennina sem vinna við það að vera í kirkjunni og segir: Þið eruð týndir í smáatriðunum. Verðið eins og börnin og lærið þeirra einlægni. Og sumir vilja halda því fram að munurinn á trú barnanna og á trú fullorðinna einstaklinganna, sé að við höfum týnt þessari einlægni og séum á eilífri leit eftir henni.

Áður en við höldum lengra þá ertu hér með fyrri lagið þitt.

Já, eitt af fallegustu lögnum sem ég þekki er lagið ÖNNUR SJÓNARMÍÐ með Eddu Heiðrúnu Bachmann.

[Tónlist]

Þetta var Edda Heiðrún Bachmann sem söng þarna um önnur sjónarmið. Gestur þáttarins í dag er Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni í Gleráarkirkju á Akureyri. Pétur þú ert líka formaður AkureyrarAkademíunnar. Hvers konar fyrirbrygði er það nú?

AkureyrarAkademían er daglegt heiti fyrir Félag sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi. Við erum fimm ára á þessu ári og höfum haft aðsetur í gamla Húsmæðraskólanum á Akureyri við Þórunnarstræti 99. Þar sitja í augnablikinu tæplega 20 einstaklingar við skrifborð, sumir eru að skrifa bækur, aðrir eru að vinna í doktorsritgerðum eða mastersritgerðum sínum, eða sinna öðrum fræðistörfum. Nú allir eiga þeir sameiginlegt að hafa fundið sér svona vinnustað í AkureyrarAkademíunni þar sem er svo hisst yfir kaffibollanum eða í hádeginu. Þar kemur líffræðingurinn inn með sína sýn, fornleifafræðingurinn með sína sýn, og hjúkrunarfræðingurinn með sína sýn, sagnfræðingurinn og svo framvegis. Þarna verður mjög skemmtileg svona þverfagleg deigla. Þetta er einn hluti starfsemi AkureyrarAkademíunnar. Hinn hlutinn er sá að við höfum staðið fyrir alls konar viðburðum, þar sem við höfum reynt að tengja saman alþýðufræði og fræði á vettvangi háskólans, þar sem við höfum skoðað alls konar þemu, bæði úr geira félagsvísindanna en líka úr öðrum geirum háskólasamfélagsins. Og þessi grasrótarfræðimennska sem hefur þá gjarnan skapast úr þessum samræðum hefur verið mjög spennandi. Þannig vorum við til dæmis að skoða kartöfluna eitt haustið og þá var það kartöflubóndinn og kokkurinn og fræðimaðurinn og fleiri sem tóku til máls í sömu málstofunni. Þetta hefur verið virkilega gefandi að fá að taka þátt í þessu starfi. Og við ætlum að halda áfram. Við ætlum að fagna fimm ára afmælinu okkar á Akureyrarvöku í haust og svo ætlum við að halda haustþing sem að heitir Akureyri, quo vadis? – Akureyri, hvert stefnir? Þar sem við ætlum að fá fræðimenn úr okkar röðum og fleiri til þess að velja þessari spurningu upp: Hvað er að

gerast með Akureyri – hvar viljum við sjá Akureyri. Þar erum við að sjálfsgöðu annars vegar að horfa fyrst og fremst á almenning og hins vegar á fræðastörf. En það er starfsemi okkar í hnotskurn. Almennigur og fræðastörf og við sem tenging.

Skiptir þetta miklu máli þessi starfsemi. Skiptir hún miklu máli fyrir samfélag eins og Akureyri?

Ég held hún skipti máli, bæði fyrir samfélagið í heild sinni og eins fyrir einstaklingana sem nýta sér þetta. Það er náttúrulega – ef við horfum á þá viðburði sem við höfum verið með þá erum við að fá þarna saman einstaklinga sem að fá upplýsingar og safna sér þekkingu í AkureyrarAkademíunni og á viðburðunum og fara með það út í samfélagið. Þá erum við í miklum tengslum við menningarlífið og listir, Listagilið og svo framvegis. Og öll þessi deigla sem verður þarna til hún skilar sér út í samfélagið. Svo er það bara fyrir einstaklingana sem sitja þarna og eru að skrifa sínar ritgerðir. Ég get sagt það fyrir sjálfan mig, að þegar ég var í námi á Bifröst. Ef að ég hefði ekki haft aðstöðu í AkureyrarAkademíunni til þess að skrifa ritgerðina. Ég væri þá sennilegast ekkert búinn enn þann dag í dag. Einfaldlega vegna þess að ég kunní ekki að sitja heima við skrifborð. Ég þurfti vinnuaðstöðu og ég fann hana og fann stuðninginn af félögnum í AkureyrarAkademíunni. Við erum þarna með háskólanema sem eru í doktorsnámi við nokkra erlenda háskóla og eins við Háskóla Íslands, meistaranema og doktorsnema. Þeir tala um það að þeir hefðu jafnvel sumir velt því fyrir sér að þurfa að flytja búferlum ef þeir hefðu ekki fundið vinnuaðstöðu á Akureyri. Og AkureyrarAkademían hefur hentað þeim og reynst þeim vel sem vinnuaðstaða.

Það er mikið eða umtalsvert atvinnuleysi á Akureyri eins og svo víða á landinu, en við lifum nú ekki á ritgerðum og svo framvegis?

Jú, en við lifum sem samfélag á þeirri þekkingu sem verður til. Og það er einmitt á tímum atvinnuleysis, þá velja fleiri að fara í nám. Og þeir þurfa ódýrar leiðir til þess að fara í nám. Þar getur vinnuaðstaða hjálpað til og þetta samfélag. Og við megum heldur ekki gleyma því að doktorsnemum og mastersnemum hefur þvílíkt fjölgað á síðustu árum og þeir þurfa sína vinnuaðstöðu. Þegar þú kemur í svona þverfaglegan hóp þá verða til hugmyndir. Þær eru kannski fyrst bara hugmyndir í samtali. En þær verða oft seinna söluvara. Og fleiri og fleiri sem þarna sitja búa fyrst til lítil verkefni og svo stærri verkefni sem verður þeirra lifibrauð. Einhvers staðar verður maður að byrja.

Við skulum kveðja AkureyrarAkademíuna í bili að minnsta kosti. Við getum örugglega spjallað um hana um langa hríð. Þú þýddir bók í fyrra sem heitir ÁST FYRIR LÍFIÐ. Þar ert þú að fjalla um eða bókin fjallar um leggja vinnu í að rækta samband við maka og aðra fjölskyldumeðlimi.

Já, þetta var mjög skemmtilegt að taka þátt í þessari vinnu og ég skemmti mér mikið í tengslum við þessa bók og geri það enn þann dag í dag því ég held þó nokkuð af námskeiðum kringum bókinu og fólk hefur verið duglegt að sækja þessi námskeið. En hugmyndin einmitt á bak við þessi námskeið, eða hugmyndin á bak við bókinu, hún er eitthvað sem að fær mann strax til að hugsa. Ímyndaðu þér slökkviliðsmann. Hann er frábærlega góður í sinni vinnu. Sem varðstjóri kann hann að segja öðrum til. Hann er finni í forvarnastarfinu, áttar sig á því hvar eldar gætu kviknað og hann er mjög góður í slökkvistarfinu, hann kann að slökkva litla elda og stórelða og takast á við alls konar hættuástand. Á sama tíma er margt að gerast í hjónabandi þessa einstaklings. Hann áttar sig ekki á því að hann hefur ekki sinnt neinu

forvarnastarfi og þess vegna hafa alls konar litlir eldar kviknað og þeir eru núna orðnir að stórbáli í sambandi hans við konuna. Og því er hættu á því að hjónabandið verði brunarústir einar. Þetta er hugmyndin á bak við kvikmynd sem heitir Fireproof. Þegar höfundarnir voru að búa til þessa sögu þá veltu þeir allt í einu fyrir sér: En hvað getur bjargað þessum manni? Og þá búa þeir til þessa bók. Sem eru 40 dagar þar sem þú færð að takast á við eitt verkefni í einu. Og það er þessi bók sem hjálpar þessum manni að takast á við vandann í sínu hjónabandi. Og það er þessi bók sem er núna komin út á íslensku og hún nýtist okkur fyrst og fremst í forvarnastarfi. Það er að segja, átta okkur á því hvað þurfum við að gera svo smáeldar kvikni ekki í hjónabandinu og úr verði stórbál.

Svo, þar sem tíminn er nú rétt að verða búinn. Þumalputtareglan til að viðhalda góðu hjónabandi?

Að næra hjónabandið jafn mikið og þú nærir sjálfan þig með mat úr ísskápnum.

Það er bara svo einfalt?

Ég held það. Það er semsagt að taka sér tíma, reglulega, á hverjum degi, í að sinna makanum og sinna fjölskyldunni.

Hvað með kvöldbænir?

Kvöldbænir eru eitthvað sem hafa verið okkur hjónunum mjög dýrmætt og það er hluti af því sem heldur okkar hjónabandi saman. Kannski getur göngutúrinn – daglegi - verið eitthvað sem hjálpar öðrum hjónum. Hver og einn verður að finna sinn takt.

Þú ert búinn að halda fjölmörg svona námskeið. Eru vandamálin margvísleg, eða þarf maður kannski ekkert endilega að hafa eða vera með vandamál á bakinu til þess að fara á slíkt námskeið?

Ég hef lagt mikla áherslu varðandi þessi námskeið sem við erum með að þetta er fyrst og fremst svona til að hjálpa fólki af stað að nota bókina og fólk er ekki beðið að tjá sig um sín mál, hvort það er vandamál í hjónabandinu eða ekki. Bókin nýtist öllum og hún nýtist ekki síst þeim sem hafa gaman af því að vera í hjónabandi og vilja gera gott hjónaband enn betra. Þá er þetta svona eins og handbók sem hjálpar þeim sem á fallegan garð til að fá fleiri rósir til að blómstra í garðinum.

Þú nefnir fallegan garð – Ertu mikill garðyrkjumaður?

Það er ekki mín sterka hlið. Þarna fannstu veikan punkt. En ég held að ég væri nú sterkastur í garði sem væri bara góður trépullur með plaststólum á, eitthvað svoléiðis. En það er nú annað mál og vonandi ætlar þú ekki að yfirheyra mig mikið um það.

En svona hinn dæmigerði Akureyringur – af því við höfum enn tvær til þrjár mínútur. Kostur og galli hins dæmigerða Akureyrings?

Já, það er stórt spurt. Ég verð var við það þegar að einstaklingar flytja til Akureyrar, sérstaklega erlendis frá – nú hef ég verið þeirrar gæfu aðnjótandi að kynnast fjölmörgum einstaklingum sem hafa búið hér tímabundið eða lengur á Akureyri – þeir tala um tvennt. Þeir tala um að við höfum svona ákveðna glansbæklingstilhneigingar, það er að segja að í orði séum við heldur flottari en á borði, þegar svona í

raun kemur hver við erum, og hitt að við séum svolítið lokuð og það sé erfitt að nálgast okkur. Það sem mér finnst dýrmætast við Akureyringa, það er þetta að heilsast á götu úti, að þekkjast, að fá að upplifa samfélag þar sem að fólk skiptir máli. Við erum ekki nafnlaust samfélag og fólk er mjög fljótt að átta sig á sameiginlegum kunningjum eða vinum.

Hvernig verður þín kvöldbæn í kvöld?

Það verður þakkarbæn fyrir að fá tækifæri til þess að njóta, hafa fengið tækifæri til að njóta þessa fallega dags og bæn um að okkur í kirkjunni allri takist að takast á við þá stóru áskorun sem við stöndum öll frammi fyrir og höfum ekki enn fundið leið til þess að takast á við á trúverðugan hátt.

Þetta er bara popplag í G-dúr?

Já, ég kom með seinna lagið mitt, popplag í G-dúr. Það var að gera allt vitlaust þegar við urðum stúdentar hér 1987. Í tengslum við 17 júní kemur þetta lag alltaf upp í huga minn.

Ritað eftir orðanna hljóðan, pbb.